212. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn á Biskupsstofu við Borgartún 26 í Reykjavík

Fimmtudaginn 13. mars 2025.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins sem setti fund, Ágústa Erlingsdóttir framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 13:00.*
2. *Fundargerð 211. fundar lögð fram til samþykktar*. Fundargerð samþykkt.
3. *Drög að nýju samkomulagi við ríkið kynnt*. Smári kynnti. Jóhannes Finnur Halldórsson hefur fyrir hönd kirkjugarðaráðs efnt í drög að nýjum samningi sem lagður verður til grundvallar í viðræðum við dómsmálaráðuneyti. Lagt er til að bálstofa verði tekin út úr nýju samkomulagi. Mestu breytingarnar eru á 4. gr. sem fjallar um þau viðmið sem framlag úr ríkissjóði til starfsemi kirkjugarða miðast við. Í 5 .gr. gildandi samkomulags er gert ráð fyrir að 40% af framlagi ríkis teljist til launakostnaðar, nú er hlutfall launa í reynd nálægt 80% af framlagi.
4. *Fundur með dómsmálaráðherra 19. mars.* Jóhannes Finnur hefur þegar sent þær glærur sem hann mun kynna til sérfræðings í dómsmálaráðuneyti. Ákveðið var að biðja Jóhannes Finn að bæta við glæru sem sýnir þróun fjárheimilda allt frá 2005 í samanburði við þróun hjá öðrum aðilum. Drög að nýju samkomulagi verða ekki kynnt fyrir dómsmálaráðherra fyrr en að loknum fundi.
5. *Önnur mál.* 1) KGRP hefur verið í samskiptum við dómsmálráðuneyti vegna bálstofu og mögulegrar lokunnar hennar. Dómsmálaráðherra ætlar að ræða málefni bálstofu á ríkisstjórnarfundi. 2) Ágústa hefur unnið að því að sameina reglur um minningarmörk frá KGA og KGRP. Afurðin eru leiðbeinandi reglur sem aðrir garðar um landið geta nýtt sem sniðmát, vilji þeir setja sér reglur minningarmörk til staðfestingar í dómsmálaráðuneyti. M.a. er hámarkshæð minningarmarka lækkuð úr 170 sm í 120 sm. 3) Til skoðunar er að sameina rekstur kirkjugarða í Borgarfirði, Smári og Ágústa munu funda með viðkomandi aðilum.
6. *Næsti fundur.* Fundað verður fimmtudaginn 10. apríl kl. 13:00 á Biskupsstofu í Borgartúni 26.

Fundi var slitið kl. 14:35.